



SAMPYKKT UM FRAMLENGT UMBOÐ TIL SAMNINGANEFNDAR SEM KJÖRIN VAR Á 5. AÐALFUNDI FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA

Sjötti aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 8.-9. maí 2014 felur þeirri samninganefnd sem kjörin var á 5. aðalfundi FG að vinna áfram að gerð kjarasamnings fram í boðaða vinnustöðvun í maí 2014.

Nýkjörin samninganefnd verði höfð með í ráðum og reglulega kynnt staða mála. Ljúki kjarasamningsgerð ekki á þessum tíma taki samninganefnd kjörin á 6. aðalfundi FG við umboðinu að fullu.

Greinargerð:

Fordæmi er að á 4. aðalfundi Félags grunnskólakennara sem haldinn var 13. og 14. mars 2008 var þáverandi samninganefnd veitt umboð til að ljúka samningagerð sem var langt komin. Samningar voru undirritaðir 28. apríl sama ár. Aðstæður eru sambærilegar núna og því mikilvægt að samninganefnd fái að ljúka gerð nýs kjarasamnings.